

Guðmundur Einarsson frá Miðdal
– fjögur áður óbirt ljóð

(Ari Trausti Guðmundsson)

Til skáldsins

Þú ert eins og úthaf hinna eilífu storma
sem eigi þekkir sinn eyðileggjandi mátt.

Í hugans fylgsnum hefjast bylgjur og hníga,
teygja hrímhvíta arma móti háseti Guðs.

Knúðar af ókunnu afli þær rísa og falla á ný,
biðjandi um sjálfráðan mátt.

Í regindjúpum ríkir myrkur og kuldi
því geislar hins lífgefandi ljóss lýsa þar eigi.

Þó vaxa þar litfagrar skeljar og ljómandi perlur
- og gef þú Guði þín gullskeljadjásn.

Bið þú um örlítinn geisla hins eilífa ljóss
til að lýsa með djúpsins djúp.

Án titils

Björt voru meyja brúnaljós
er ást mína í æsku vöktu
og liljuhvít hin ljúfa hönd.

Sólskinsaugu ég síðar leit
af gráti geisla á vanga
og ítran vöxt fyrir örlög þung
beygðan af beiskum trega.

Án titils

Ástavana maður sem engum trúir
og hefur allt fyrir gaman
finnur ei leiðir fagurra lista
ná hásemi himins dýrðar.

Gekk ég um torg,
gekk ég um sali fjalla
en aldrei ég sá
annan mann sínum vopnum
særðan
og fleiri fann
h....ta, höggna en leysta (ólæsilegt)

Án titils

- fannst í skjölum í nóv. 2017

(Ari Trausti Guðmundsson)

Stigu létt í laufi
ljósar dísir að vori
dunaði stall af stalli
strengur í heiðarlæk.

Meðan grét á greinum
glóðögg í morgunsári
dunaði djúpt með drunum
dimmur jökull og reiður.